

**Ed.**  
um vitamál.

## 58. Frumvarp til laga

[54. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

### I. KAFLI Yfirstjórn.

**1. gr.**  
Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

**2. gr.**  
Vitamálastjórn ríkisins hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitamálastjórn ríkisins forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Ráðherra ræður annað starfslið Vitamálastjórnar.

### II. KAFLI Verkefni Vitamálastjórnar.

**3. gr.**  
Verkefni Vitamálastjórnar er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglinga við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið, með þeim undantekningum, er síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m. a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og radiómerki til staðarákvörðunar.

Vitamálastjórn skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi, sem fyrir hendi eru á áðurgreindu svæði, og stuðla að útgáfu korta, er innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áður nefnd hjálpartæki. Vitamálastjórn skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja, sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Vitamálastjórnin skal annast, að beiðni Veðurstofu Íslands, veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Vitamálastjórnin með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum.

### III. KAFLI Vitanefnd.

**4. gr.**  
Vitanefnd, skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna, skal hafa lagt fram álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitamálastjórnar ríkisins, áður en endanleg ákvörðun ráðuneytisins er tekin.

**5. gr.**  
Í vitanefnd skulu skipaðir einn fulltrúi og varamaður til fjögurra ára í senn frá hverju eftirtalinna samtaka: Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda og samtökum íslenskra farmflytjenda. Vitamálastjóri á sæti í nefndinni, og er hann jafnframt formaður hennar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í nefndinni, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, er bera kostnað af starfi Vitamálastjórnar skv. V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Flug-

málastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins og Sjóslysanevnd gefinn kostur á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni, þegar rætt er um mál, sem snerta starfsemi viðkomandi stofnunar.

#### 6. gr.

Vitamálastjóri skal undirbúa erindi og kveðja vitanefnd saman, svo sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álögðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiriháttar endurbætur og breytingar, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Þá skal nefndin segja álit sitt á uppsetningu nýrra leiðarmerkja á vegum annarra aðila en ríkisins. Einnig skal nefndin fjalla um niðurfellingu þeirra eða annarra hjálpargagna fyrir sjófarendur.

### IV. KAFLI

#### Landsvitar og hafnarvitar.

#### 7. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki, er telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki, er eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um ákveðnar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði, er lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um, hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu, skal leita álits vitanefndar.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur, skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vitamálastjórn, sem leitar umsagnar vitanefndar um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun, fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Vitamálastjórnar, sem þá sér um, að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Vitamálastjórnin skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að viðhalda merkinu og tilkynna Vitamálastjórn tafarlaust um allar breytingar, er á því verða. Ef merki er ekki nægilega viðhaldið, að dómi Vitamálastjórnar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal um það sótt til Vitamálastjórnar.

Vitamálastjórn ríkisins getur, að fenginni umsögn vitanefndar, krafist þess, að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki, sem Vitamálastjórn telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

#### 8. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa, og getur Vitamálastjórn látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

#### 9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa og búskapar handa vitagæslumönnum. Ennfremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og

til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 6. apríl 1973 um framkvæmd eignarnáms.

## V. KAFLI

### Vitagjald.

#### 10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar skal greitt vitagjald af skipum þeim, er sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í aðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

#### 11. gr.

Vitagjald skal greitt af brúttórúmlestatölu skips, eins og hún er mest. Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 rúmlestir, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til  $\frac{1}{5}$  hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Heimilt er þó í reglugerð að ákveða lægra vitagjald en hér greinir fyrir erlend skemmtiferðaskip.

#### 12. gr.

Vitagjald skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum vitanefndar, svo og annað það, er snertir innheimtu gjaldsins.

## VI. KAFLI

### Upplýsingaskylda.

#### 13. gr.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um, að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis siglinga verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjósmælingar Íslands gefa út.

Breytingar er verða frá útgáfu síðasta tölublaðs Tilkynninganna, þar til hið næsta kemur út, skulu birtar í útvarpi eða um strandstöðvar landssímans, þar til hinum prentuðu tilkynningum hefur verið dreift.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitamálastjórnar, svo fljótt sem verða má, en Vitamálastjórnin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, er verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitamálastjórnarinnar, svo fljótt sem verða má. Ennfremur skal Vitamálastjórn tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

## VII. KAFLI

### Farartálmur.

#### 14. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið, ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Vitamálastjórnar, sem síðan merkir staðinn, ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrimælum Vitamálastjórnar að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir almennar siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Vitamálastjórn á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök, sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

## VIII. KAFLI

### Vitavarsla.

#### 15. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar, og er hafnarstjórn skytt að senda Vitamálastjórn tilkynningu um, hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

#### 16. gr.

Teljast starf vitavarðar vera meira en hálf starf, sbr. kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal ráðið í starfið gegn greiðslu fastra mánaðarlauna. Skulu öll störf vitavarðarins í þjónustu ríkisins metin saman til stundafjöldi og þá tekið fullt tillit til þess, hvenær sólarhrings störf eru unnin, þannig að störf utan venjulegs dagvinnutíma verði metin sem því fleiri tímar, er nemur hærri greiðslum fyrir yfirvinnu en fyrir dagvinnu.

Aðrir vitaverðir skulu ráðnir af vitamálastjóra gegn árlegri þóknun, er miðað sé við störf þau, er vitavörðurinn innir af hendi, ásamt þeirri bindingu, er vitavarðarstarfið leggur á hann varðandi viðveru og ábyrgð.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 17. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitamálastjórnar ríkisins, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

#### 18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23, 11. júlí 1911; 16, 14. júní 1929; 43, 14. júní 1929; 43, 19. júní 1933; 31, 13. júní 1937; 63, 7. maí 1940; 50, 11. júní 1960 og 61, 29. maí 1972.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal vitakerfið með tilliti til skiptingar í landsvita og hafnarvita. Skal ríkisstjórninni heimilað að afhenda hafnarstjórnnum leiðarmerki til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Á sama hátt er vitamálastjóra heimilt fyrir hönd ríkisins að taka við leiðarmerki frá viðkomandi hafnarstjórn til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

Skal þessari endurskoðun lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Elstu lög um vitamál, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1899, lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. Síðan hafa verið sett mörg lög og reglugerðir um vita-

málefni og eru flest þeirra orðin úrelt og samsvara ekki breyttum tímum og viðhorfum.

Samgönguráðherra skipaði hinn 4. okt. 1974 þá Kristin Gunnarsson, deildarstjóra; Aðalstein Júlíusson, vita- og hafnamálastjóra og Guðmund Kjærnested, skipherra til að endurskoða lög nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar og semja nýtt lagafrumvarp um þessi efni. Af óviðráðanlegum ástæðum, m. a. langvarandi fjarvista eins nefndarmannanna gat nefndin ekki lokið störfum fyrr en í árslok 1976. Síðar hafa verið gerðar í samgönguráðuneytinu nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Frv. var lagt fyrir Alþingi haustið 1978, og síðan aftur haustið 1979, en varð ekki útrætt, og er nú flutt óbreytt í þriðja sinn.

Í áðurgreindum lögum frá 1933 fjallar fyrsti kafli um stjórn vitamála. Kafli þessi er að verulegu leyti úreltur. Meginuppistaða laganna var upptalning á þeim vitum, er byggja skyldi. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hafa flestir þeir vitar verið byggðir, eða aðrir á nálægum stöðum, er taldir voru heppilegri. Ýmsar breytingar á útgerðarháttum og tækni hafa auk þess komið til á tímabilinu, og er því þessi meginkafli laganna orðinn úreltur.

Í gildandi lögum og reglum eru ýmis ákvæði óljós um hlutverkaskiptingu og ábyrgð við gerð og rekstur vita- og sjómerkja. Í frumvarpinu er reynt að gera þeim málum slík skil, að ljóst sé, hver skuli annast og bera ábyrgð á hinum ýmsu tegundum sjómerkja.

Um vitagjald hafa gilt sérstök lög, nú lög nr. 61 29. maí 1972. Er gjald þetta var sett á, var það verulegur tekjustofn og má fullyrða, að mikill hluti vitakerfisins hafi verið byggður upp fyrir fjármuni, sem þannig var aflað. Á seinni árum, með vaxandi verðbólgu, hefur ekki tekist að halda í horfinu, þannig að vitagjald gæfi eðlilegar tekjur og hafa vitabyggingar m. a. af þeim orsökum dregist mjög saman. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að vitagjald verði að nokkru breytt, þannig að það komi jafnar niður á alla notendur vitakerfisins, og auk þess sé það ákveðið með reglugerð í stað laga, sem ætti að gera auðveldara að halda gjaldinu eðlilegu. Gert er ráð fyrir, að vitagjaldinu sé einvörðungu varið til rekstrar og endurbóta á vitakerfinu og með tilliti til þess sé komið á fót nefnd Vitamálastjórninni og ráðuneytinu til ráðleggingar um það, hvernig vitagjaldinu skuli varið. Aðilar að nefnd þessari, vitanefnd, skulu vera notendur vitanna og þá jafnframt greiðendur vitagjaldsins. Með því að veita þannig greiðendum þess aðgang að ákvörðunartöku varðandi notkun þeirra fjármuna, er þeir leggja til vitakerfisins, ætti að vera tryggt, að fénu verði varið á sem hagkvæmasta hátt.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### **I. KAFLI**

##### **Yfirstjórn.**

##### **Um 1.—2. gr.**

Gert er ráð fyrir, að yfirstjórn vitamála verði í höndum samgönguráðherra, en framkvæmd laganna verði í höndum vitamálastjóra, sem eins og nú gegni jafnframt embætti hafnamálastjóra. Þótt það sé ekki beint tekið fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir svipaðri skipan og nú er, þ. e. að skrifstofuhald beggja stofnananna sé sameiginlegt, auk margháttáðrar samvinnu við framkvæmdir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að annað starfslið en vitamálastjóri verði ráðið með ráðningarsamningi og takmörkuðum uppsagnarfresti í stað skipunar ævilangt, svo sem nú er um fasta starfsmenn. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisvaldsins, að kjör opinberra starfsmanna skuli verða sem sambærilegust við kjör á hinum almenna vinnumarkaði.

## II. KAFLI

### Verkefni Vitamálastjórnar.

#### Um 3. gr.

Þessi kafli fjallar um verkefni Vitamálastjórnar, þ. e. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga við strendur landsins. Þær leiðbeiningar, sem um er að ræða, eru fyrst og fremst vitar ásamt föstum merkjum á landi, fljótandi dufl og radiómerki ýmiss konar, sem nota má til hjálpar við siglingar. Þá er ákvæði um, að Vitamálastjórnin skuli stuðla að útgáfu upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að nýta áðurgreind hjálpartæki. Svo sem kunnugt er, starfa Sjósmælingar Íslands að útgáfu sjókorta og gefa jafnframt út Tilkynningar til sjófarenta, sem fyrst og fremst eru leiðréttingar við áður útgefin sjókort og tilkynningar um annað það, er sjófarendum má að gagni verða og til öryggis. Engin sérstök lög eru til um Sjósmælingar Íslands, en þær starfa undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins. Þykir nauðsynlegt, að ríkisvaldið sé lögbundið til að gefa út tilkynningar um vita og önnur sjómerki og breytingar á þeim, svo sem tíðkast hefur. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta, að Sjósmælingar Íslands haldi áfram útgáfu á Tilkynningum til sjófarenta, eins og verið hefur, en Vitamálastjórnin komi sínum tilkynningum á framfæri við þá stofnun.

Þá er Vitamálastjórninni í 3. gr. frumvarpsins, svo sem nú er, falið að hafa eftirlit með gerð og rekstri leiðarmerkja, sem aðrir aðilar en ríkið koma upp. Þar er og sett ákvæði um, að Vitamálastjórn annist veðurtöku fyrir Veðurstofu Íslands á vitastöðvum. Er þetta til staðfestingar á ríkjandi fyrirkomulagi, þar sem vitaverðir eru jafnframt ráðnir sem veðurtökumenn. Þeir taka laun hjá Vitamálastjórn, sem síðan fær þóknun fyrir veðurtöku frá Veðurstofunni.

Er hér um hagkvæmt fyrirkomulag að ræða, þar sem bæði eru vitastöðvar á þeim stöðum, þar sem æskilegt er, að veðurathuganir fari fram og auk þess skapa veðurathuganir vitaverði hæfilegt verkefni.

Í lok 3. gr. frumvarpsins er ákveðið, að Vitamálastjórn skuli annast framkvæmd laga um leiðsögumál, sbr. lög nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa. Er þetta ákvæði í samræmi við þá hefð, er komist hefur á, að vitamálastjóri sé umsagnaraðili um skipan leiðsögumanna og hafi á hendi eftirlit með störfum þeirra.

## III. KAFLI

### Vitanefnd.

#### Um 4. — 6. gr.

Í þessum kafla er fjallað um vitanefnd. Samkvæmt gildandi lögum er starfandi ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti skólastjóri Stýrimannaskólans, forseti Fiskifélags Íslands og forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands ásamt vitamálastjóra. Nefnd þessi á að gera tillögur um framkvæmdir í vitamálum og áætlun um fjárveitingar í því sambandi.

Það nýmæli hefur verið tekið upp í frumvarpið, að í stað áðurgreindrar nefndar skuli komið á fót nýrri nefnd með fulltrúum flestra þeirra aðila, er verulegra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við rekstur vita og annarra sjómerkja. Nefnd þessi skal vera ráðgefandi í öllum meginmálum, er snerta vitamál, svo sem um vitagjald, nýbyggingar og rekstursfyrirkomulag stofnunarinnar. Nefndin skal vera ráðgefandi, og er með því gert ráð fyrir að nánara og eðlilegra samband verði á milli stjórnenda vitamála og notenda.

Með þessu ætti að vera tryggt, að sjónarmið allra þeirra, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, ættu að koma fram við meiri háttar ákvarðanir.

#### IV. KAFLI

##### Landsvitar og hafnarvitar.

Telja má, að tveir eigendur séu að vitakerfi landsins, eins og það er rekið nú. Annars vegar eru landsvitarnir, sem eru reknir af Vitamálastjórninni, byggðir af fé, sem veitt er af fjárlögum til vitabygginga, og hins vegar hafnarvitar, sem reknir eru af hinum einstöku hafnarstjórnnum fyrir þeirra fé.

##### Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir því, á hvern hátt þessum tveim kerfum er ætlað að vinna saman og ákvarðað nánar, hvar mörk eru þeirra í milli. Er hér byggt á hefð, en þar sem á allmörgum stöðum eru óljós mörk á milli og nokkurt ósamræmi er gert ráð fyrir, að kerfið verði endurskoðað, og þá fari ef til vill nokkur eigendaskipti fram milli hafna og ríkis. Telja má það útlátalítið eða útlátalaust fyrir báða aðila að láta af hendi þessar eignir. En hins vegar getur yfirtaka landsvita af hafnarsjóði valdið sjóðnum nokkrum útgjöldum, en með skilgreiningu þeirri, sem í lögnum er gerð á hafnarvitum má telja til eðlilegs reksturskostnaðar hafnarinnar að reka þau ljós, sem nauðsynleg eru talin til öruggrar siglingar um hafnarsvæðið.

##### Um 8. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að óheimilt sé að byggja í veg fyrir leiðbeiningarmerki og að óheimilt sé að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum. Er þetta í samræmi við gildandi lög, enda auðsætt að öryggi sjófarenda getur mjög verið undir því komið.

##### Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldu til að láta af hendi nauðsynlegt land til vitabygginga, enda verði farið eftir ákvæðum eignarnámslaganna frá 1973, um ákvörðun bóta til þess, sem lætur landið af hendi. Þessi grein leysir af hólmi lög nr. 20 22. sept. 1899 um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

#### V. KAFLI

##### Vitagjald.

##### Um 10. gr.

Stefnt er að því með breyttum ákvæðum um vitagjald, að Vitamálastjórnin standi straum af rekstri sínum, að eins miklu leyti og talið er hagkvæmt á hverjum tíma, með álögðu vitagjaldi, sem greitt er af notendum vitakerfisins.

##### Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru meginákvæðin um vitagjaldið. Aðalbreytingin er sú, að nú skulu öll íslensk skip, 10 rúmlestir og stærri, greiða vitagjald einu sinni á ári. Erlend skip skulu hins vegar greiða í hvert skipti, sem þau koma til landsins, gjald, sem svarar til  $\frac{1}{3}$  hluta af almenna vitagjaldinu. Þó er ekki gert ráð fyrir, að gjaldskylda þeirra miðað við almanaksár verði meiri en íslenskra skipa, þótt þau komi oftár en 5 sinnum til landsins á árinu. Gjaldskylda erlendu skipanna er bundin við, að þau setji farþega eða vörur á land, og eru því t. d. herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, undanþegin gjaldinu, eins og nú er. Auk þess er í lagagreininni heimild til að ákveða lægra gjald fyrir skemmtiferðaskip, og er það einnig í samræmi við gildandi reglur.

Núgildandi lög um vitagjald eru frá árinu 1972, og er gjaldið samkvæmt þeim 10 krónur á brúttórúmllest. Greiðist það einu sinni á ári af skipum, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið úti til fiskjar. Sé hins vegar um að ræða skip í millilandasiglingum, skal ofangreint vitagjald greitt í hvert skipti, sem skipið kemur til landsins. Hér er um augljóst og óeðlilegt misræmi að ræða, sem leiðir til þess, að meginþungi vitagjalds lendir á farmskipum.

#### Um 12. gr.

Eðlilegt er að ákveða vitagjaldið í reglugerð, eins og gert er með svo fjölmörg önnur gjöld, t. d. hafnargjöld, enda miklu þyngra í vöfum að framkvæma breytingu á gjaldinu með lagabreytingu en reglugerðarbreytingu.

### VI. KAFLI

#### Upplýsingaskylda.

#### Um 13. gr.

Hér er fjallað um tilkynningaskyldu Vitamálastjórnar varðandi allar breytingar á leiðbeiningum til sjófarenda. Er hér að sjálfsögðu átt við þær sömu leiðbeiningar, sem taldar eru í II. kafla frumvarpsins. Sá háttur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að á verði hafður um birtingu tilkynninga, er nánast sá sami og viðhafður er nú, það er að tilkynningar eru birtar í útvarpi, ef um skyndibreytingar er að ræða, en aðrar og langvarandi breytingar eru prentaðar í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út. Ákvæði þessi víkja nokkuð frá ákvæðum núgildandi laga, sem gera ráð fyrir, að tilkynningar um nýja vita og breytingar á sjómerkjum séu birtar í Lögbirtingablaðinu. Að öðru leyti eru tekin upp tilsvareandi ákvæði og nú gilda um skyldu eigenda sjómerkja og annarra, er verða varir við breytingar á þeim, að gera aðvart til Vitamálastjórnarinnar.

### VII. KAFLI

#### Farartálmar.

#### Um 14. gr.

Í þessum kafla eru ákvæði um, hvað gera skuli, ef skip eða annað fljótandi far verður farartálmi á siglingaleið. Ákvæði þessa kafla víkja nokkuð frá þeim, sem gilda samkvæmt lögum nr. 23 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. Á þau lög hefur mjög sjaldan reynt, en talið er eðlilegt, að gera alla málsmeðferð sem einfaldasta, en þó þannig, að full lagaheimild væri fyrir Vitamálastjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir og það á ábyrgð og kostnað þess, er farartálmanum veldur.

### VIII. KAFLI

#### Vitavarsla.

#### Um 15. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að sérhver viti eða siglingamerki skuli vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns, sem Vitamálastjórn getur snúið sér til um allt það, er merkið varðar, og jafnframt sé ábyrgur um allar breytingar, er á því verða.

#### Um 16. gr.

Í þessari grein eru ákvæði, sem lögbinda núverandi hátt, sem hafður er á við greiðslu þóknunar fyrir vitavarðarstörf. Er gert ráð fyrir, að ef öll störf viðkomandi aðila í þágu ríkisins metist meira en hálf starf, skuli vitavörðurinn ráðinn samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna, en að öðrum kosti fá greidda þóknun í hlutfalli við vinnuframlag sitt, og þá lausráðinn af vitamálastjóra.



**IX. KAFLI**  
**Ýmis ákvæði.**

**Um 17. gr.**

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að nánari skýringar á lögnum skuli settar með reglugerð, sem jafnframt kveði nánar á um starfshætti og skipulag Vitamálastjórnarinnar, en því jafnframt slegið föstu, að nán samvinna skuli vera milli hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins. Er hér aðeins um lagalega staðfestingu á því samstarfi að ræða, sem nú þegar er fyrir hendi, og á starfsháttum, eins og þeir eru nú.

**Um 18. — 19. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Sbr. 7. gr. þessa frumvarps. Hæfilegt þykir að ætla eitt ár til þeirrar endurskoðunar, sem hér um ræðir.